



# Stjórn FÍR

Reykjavík 13. apríl 2021

Fundarstaður : Stórhöfða 29 þriðja hæð

Mætt voru: Margrét Arnarsdóttir, Guðmundur Ævar Guðmundsson, Þór Hinriksson, Hilmar Guðmannsson, Eiríkur Jónsson, Kristján Helgason og Sigmundur Grétarsson.

Fundur hófst kl. 18:05

Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og gekk til dagskrár

## 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð lesin upp og samþykkt, Formaður og ritari munu undirrita fundargerð og ganga frá henni til vörslu samkvæmt 27. grein laga FÍR.

## 2. Sveinspróf

Formaður upplýsir um stöðu sveinsprófs í rafvélavirkjun og er málið í vinnslu hjá Rafmennt og sveinsprófsnefnd.

## 3. Vinnustaðanám

Formaður kynnir stöðuna í vinnustaðanáminu og eru þrír vinnuhópar að störfum á vegum ráðaneytisins.

Umræður.

## 4. Lagabreytingar

Formaður leggur fram til kynningar vinnu starfshóps um lagabreytingar. Vísað til næsta fundar stjórnar og trúnaðarráðs og síðan til fundar stjórnar.

## 5. Trúnaðarráðsfundur

Formaður leggur til að fundað verði með trúnaðarráði Samþykkt að halda fund annað hvort 19. eða 31. maí.

## **6. Sambandsstjórn**

Formaður upplýsir að við þurfum tilnefna nýjan varamann í miðstjórn.

## **7. Aðalfundur**

Formaður lýsir undirbúningi aðalfundar. Stefnt er á að halda hann 28.04.2021.

Formaður mun senda stjórn ársskýrsluna til umsagnar.

Gjaldkeri mun fylgja ársreikningum úr hlaði á næsta fundi. Starfsmaður RSÍ mun koma á næsta fund stjórnar og svara spurningum um ársreikning.

Gjaldkeri mun leggja fram fjárhags- og rekstraráætlun á næsta fundi.

## **8. Önnur mál.**

### **-Verkefni FÍR**

Formaður opnar umræðu um næstu verkefni FÍR og er hugmynd um gjafir til félagsmanna og voru umræður hvernig afhending á þeim yrði og mun formaður mun skoða dreifingarmál.

Aron er búinn að vera að vinna við að lagfæra heimasíðu, hafa farið 19 vinnustundir í lagfæringar og að setja inn efni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:28

Fundargerð ritaði SPG